

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

812. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 11. nóvember 2013 kl. 10:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Áform um fækkun sjúkrabifreiða á HVE-Hvammstanga.
2. Bréf hreppsnefndar Árneshrepps.
3. Erindi Skógræktarfélags V-Hún.
4. Bréf hreppsnefndar Kaldrananeshrepps.
5. Bréf sveitarstjóra Strandabyggðar v/ Strandabókar.
6. Fundargerð 809. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
7. Fundargerð Menningarráðs Norðurlands vestra frá 18. október sl.
8. Ályktanir 21. Ársþings SSNV.
9. Umsókn um námsvist í tónlistarskóla utan lögheimilissveitarfélags.
10. Erindi Stígamóta.
11. Erindi Snorraverkefnisins.

Afgreiðslur:

1. Sveitarstjóri lagði fram tölvupóstbréf frá Ásgeiri Ásgeirssyni, framkvæmdastjóra fjármála og rekstrar Heilbrigðisstofnunar Vesturlands (HVE) þar sem tilkynnt er að áformum stjórnvalda um fækkun sjúkrabifreiða hjá stofnuninni þ.m.t. á Hvammstanga, sem boðuð var án alls samráðs, hafi verið frestað um óákveðinn tíma meðan málið verður skoðað frekar. Byggðarráð fagnar ákvörðuninni og væntir þess að við frekari skoðun málsins verði fallið frá áformunum og tekið tillit til rökstuðnings yfirlæknis HVE á Hvammstanga þar sem sérstaklega er varað við fækkun sjúkrabifreiða á Hvammstanga.
2. Fram lagt bréf hreppsnefndar Árneshrepps þar sem tilkynnt er að hreppsnefndin hafi samþykkt að innleysa eignarhlut Húnaþings vestra í Sorpsamlagi Strandasýslu.
3. Fram lagt erindi Skógræktarfélags Vestur- Húnavatnssýslu þar sem óskað er eftir fjárstyrk á árinu 2014. Byggðarráð samþykkir styrk að upphæð kr. 75.000
4. Fram lagt bréf hreppsnefndar Kaldrananeshrepps þar sem tilkynnt er að hreppsnefndin hafi samþykkt að innleysa eignarhlut Húnaþings vestra í Sorpsamlagi Strandasýslu.
5. Fram lagt bréf sveitarstjóra Strandabyggðar þar sem gerð er grein fyrir stöðu máls varðandi mögulega útgáfu Strandabókar. Byggðarráð samþykkir að fela sveitarstjóra, oddvita og Sigurði Kjartanssyni að fylgja málinu eftir í samræmi við umræður á fundinum.
6. Fundargerð 809. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga lögð fram til kynningar.
7. Fundargerð Menningarráðs Norðurlands vestra frá 18. október sl. lögð fram til kynningar.
8. Ályktanir 21. Ársþings SSNV lagðar fram til kynningar.
9. Fram lögð umsókn um námsvist í tónlistarskóla utan lögheimilissveitarfélags. Erindinu frestað til næsta fundar byggðarráðs.
10. Fram lagt erindi Stígamóta þar sem óskað er eftir fjárframlagi til rekstrar á árinu 2014. Samþykkt að ekki sé unnt að verða við erindinu.

11. Fram lagt erindi Snorraverkefnisins þar sem óskað er fjárframlags á árinu 2014.
Samþykkt að ekki sé unnt að verða við erindinu.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 11:19

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Elín R. Lindal.

Leó Örn Þorleifsson.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Áheyrnarfulltrúar:

Elín Jóna Rósinberg.

Guðrún Ragnarsdóttir
sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs

Sigurður Kjartansson.